

Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, 2025

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á afgreiðslu ökutækja á erlendum skráningarnúmerum þar sem nýtt kerfi verður tekið í notkun fyrir tímabundinn innflutning ökutækja (E9) sem flutt eru til landsins á farmskrá (frakt).

Nýja E9-kerfið:

Farmflytjandi skráir inn bókun í gegnum tollalínuna, skrá þarf upplýsingar um innflytjanda og komu, gerð er krafa um eitt bókunarnúmer fyrir hvern innflytjanda:

1. Einkvæmt bókunarnúmer
2. Nafn innflytjanda
3. Netfang innflytjanda
4. Símanúmer innflytjanda
5. Dagsetningu komu, staf og far, t.d. T SKA 13 05 5
6. Skráningarnúmer ökutækis

Þegar farmflytjandi hefur skráð þessar upplýsingar, fer út tölvupóstur og SMS á innflytjanda með tengli á rafrænt eyðublað fyrir E9. Innflytjandi fyllir svo út eyðublaðið og staðfestir yfirlýsinguna.

Tollmiðlari sendir inn bráðabirgðaskýrslu sem á að vitna í skráningu farmflytjanda. Ef ekki er búið að skila inn E9-eyðublaðinu þá fer skýrslan í athugasemd. Þess vegna er mikilvægt að tollmiðlari fái staðfestingu frá innflytjanda að hann sé búinn að skila inn eyðublaðinu.

Bráðabirgðaskýrslur:

Senda þarf inn bráðabirgðaskýrslu miðað við tilgang innflutnings:

BB: Ökutæki í tímabundnum innflutningi sem þarf ekki að greiða leigu.

Námsmenn og innflytjendur sem koma í atvinnuskyni (en ökutæki er ekki notað í vinnu) fara í BB-afgreiðslu án greiðslu tryggingar. Ef innflytjandi er með lögheimili hérlandis eða mun skrá lögheimili hér þarf að sýna fram á að dvölin hérlandis sé tímabundin með t.d. staðfestingu frá skóla eða tímabundnum ráðningarsamningi frá vinnuveitanda.

BL: Ökutæki í tímabundnum innflutningi vegna atvinnustarfsemi og/eða verið er að leigja til landsins.

BC: Ökutæki á ATA Carnet.

BF: Ferðamannabílar; gerð er einföld skýrsla án allra gjalda með tollflokki 9816.1000 og VY-lykli 7. Ef farangur er í ökutækinu þarf að gefa það upp á skýrslunni, setja í tollflokk 9802.2000 og fylla út farangursyfirlýsingu (TS-105) sem þarf að fylgja skýrslunni. Greiða ber af öllu áfengi og mat (ekki hægt að gera í BF-afgreiðslu).

Hópferðabílar-einn hópur = BF skýrsla.

BV: Búferlaflutningar, án greiðslu tryggingar. Frestur til fjögurra vikna til að ganga frá fullnaðartollafgreiðslu.

Sendibíla þarf að skoða út frá notkun, ef búið að breyta í húsbíl og ekki notað í atvinnustarfsemi þá BF-skýrsla ef ferðamaður er sjálfur að koma með til einkanota, annars atvinnutæki og ekki BF. Athuga þarf líka hvað eru mörg sæti í bílnum, ef umfram 7 farþegasæti þá þarf að skoða hvort sé hópferðabíll og þá er ökutækið atvinnutæki og á að fara í BB/BL og greiða tryggingu.

Notað verður áfram SNE í reit 44 , TEG, COL og TIM hættir og FBN kemur í staðinn.

1. SNE: Skráningarnúmer ökutækis (án allra aukastafa eða bíla, t.d. PN14TSY).
2. FBN: Tilvísunarnúmer, kennitala farmflytjanda er fremst og fyrir aftan kemur sjálft bókunarnúmerið (t.d. FBN 54026960291234678)
3. UTS: Sendingarnúmer útflutnings (t.d. UTS M80208055ISREY0001) notað í uppgjörsskýrslu (Ekki sent inn í afgreiðslu 1)

Athugið að ef FBN og SNE liðir voru sendir inn í afgreiðslu 1 í reit 44 þá þarf líka að senda þá inn í reit 44 í hærri afgreiðslum.

Eftirfarandi skjöl eiga að fylgja með skýrslunum. (Senda þarf skjöl á skjalaskil@skatturinn.is og setja sendingarnúmerið í „subject“ án allra aukastafa.):

Skráningarskírteini ökutækis.

Græna alþjóðlega tryggingarskírteinið (Green card) ef um er að ræða ökutæki skráð utan EES-svæðisins, Bretland er undanþegið.

Farangursyfirlýsing, ef við á.

Komutilkynning/flutningsgjaldareikningur.

Reikningar/leigusamningar.

Önnur skjöl sem eiga við BB, BL, BC.

Þegar starfsmenn Skattsins hafa yfirfarið gögn og samþykkt, fer út rafræn afhendingarheimild til farmflytjanda sem má þá afhenda ökutækið skráðum innflytjanda. **Ekki er heimilt að afhenda öðrum ökutækið.**

Ef vitað er að ökutækið fer út með öðrum farmflytjanda en það kemur inn með er nauðsynlegt að skrá upplýsingar um það í athugasemdir til að auðvelda eftirlit með útflutningi.

Uppgjör:

Við uppgjör á bráðabirgðaskýrslu í afgreiðslu 2 eiga kóðarnir SNE og FBN að vera áfram í reit 44 ásamt nýjum kóða, UTS og sendingarnúmeri útflutnings. Án UTS á uppgjörsskýrslu fer skýrslan í biðstöðu vegna athugasemdar. Einnig þarf að skila inn staðfestu E14 (Beiðni um skoðun á vöru sem senda á til útlanda) með BB/BL-skýrslum,

það þarf ekki fyrir BF. Skila á inn uppgjöri um leið og bílinn er staðfestur um borð í flutningsfar.

Skjámyndir úr kerfinu með stuttum leiðbeiningum:


Opna E9 bókanavefinn

Starfsfólk farmflytjanda með umboð að tollalínu fyrirtækisins skráir sig inn og smellir á hlekkinn „E9 bókanavefur“ undir Viðskiptamaður Farmflytjandi/tollmiðlari:

Skatturinn		TOLLALÍNAN	
Viðskiptamaður		Vinnslur	Almennar upplýsingar
Viðskiptamaður	Farmflytjandi/tollmiðlari		
Tollskýrslur	Tákn		
Viðtökunúmer	Flutningsför		
Innsetning	Komur		
Megin söluumbúðir	Brottfarir		
Sölu- og flutningsumbúðir	Farmskrá		
Tollkvótar	Uppskiptingar		
	Athuga skuldfærsluheimild		
	E9 bókanavefur 		

Bókunarkerfi

Efst í haus vefsins hægra megin er hægt að velja tungumál íslenska/enska og skrá sig út.



Listi yfir bókanir

Opnast þegar komið er inn í bókunarkerfið

Hægt er að velja komur/brottfarir sem þegar eru skráðar í kerfið, skoða lista yfir ökutæki sem eru í ákveðinni ferð, skrá bókun og leita að ökutæki eftir skráningarnúmeri. Ekki er tenging á milli farmskrár og þessa kerfis. Eingöngu á að skrá í þetta kerfi komur fara þar sem ökutæki skráð erlendis eru um borð.

Skrá bókun

Leit eftir skráningarnúmeri

Komur

S-ARN-20.06.2025

Leita í lista

Bókunar tilvisun	Skráð	Skráningarnúmer	Fornafn	Eftirnafn	Netfang	Staða bókunar	E9 staða (koma)
SFOL0010	27.05.2025	TEST0010	Johannes	Brown	bjorn.gudmundsson@skatturinn.is	Staðfest um borð á leiðinni út	Brottför staðfest
S-4453339	06.05.2025	BGUTRUKKUR	Rudolf	Rainman	bjorn.gudmundsson@skatturinn.is	Staðfest netfang	Akstursgjald greitt

Leitarsíða fyrir ökutæki

Rétt er að byrja á að leita hér ef senda á ökutæki úr landi. Ef ökutæki finnst í kerfinu er möguleiki á að skrá brottför jafnvel þó ökutækið hafi komið með öðrum farmflytjanda til landsins. Ef ökutækið finnst ekki er það í eldra kerfi en ganga þarf frá uppgjöri á bráðabirgðaskýrslu og útflutningsskýrslu eins og áður. Rétt er að hafa samráð við e9@skatturinn.is í þessum tilfellum.

Leit eftir skráningarnúmeri

Registration number

TRU001

Leita

Bókun fyrir komu er til fyrir þetta ökutæki.

Viltu skrá brottför fyrir ökutækið? E9 yfirlýsing innflytjanda verður stofnuð og ...

Bókun (S-TRU00124045)

Skráð ökutæki: TRU001

Opna bókun og skrá brottför

Home

Skrá bókun

Hér á að skrá upplýsingar um innflytjandann og ökutæki sem hann er með meðferðis. Ef Innflytjandi er með fleiri en eitt ökutæki meðferðis t.d. eftirvagn og mótorhjól á að bæta þeim við hér. Þegar bókun hefur verið skráð sendir kerfið tölvupóst á innflytjandann þar sem hann er beðinn að fylla út og staðfesta E9 yfirlýsingu. Upplýsingar sem þegar hafa verið skráðar í bókuninni eru forskráðar á yfirlýsinguna. Einnig er sent SMS með ábendingu um að innflytjandi hafi fengið mikilvægan tölvupóst.

Importer

First name	Last name
Email	Country c... Phone number
Address	Address 2
Postal code	City
Tilvísun bókunar	

Veldu komu úr lista eða sláðu inn nýja ef hún er ekki þegar til:

Koma	Tákn	Far	Date
------	------	-----	------

Vehicles

Registration number	VIN number	Energy source	
---------------------	------------	---------------	--

+ Add vehicle

Skrá bókun

Home

Dæmi um bókun sem búið er að skrá

Hægt er að skrá brottför fyrir ökutækið, breyta bókuninni, hætta við bókun og staðfesta ökutækið um borð á leið til landsins. Hérna sér starfsmaður farmflytjanda líka stöðuupplýsingar varðandi E9 t.d. hvort innflytjandi sé búinn að fylla yfirlýsinguna út og staðfesta. Einnig sést hvort skatturinn hafi sent ítrekanir í tölvupósti/SMS. Athugið að Hætta við bókun á að nota ef hætt var við flutninginn (cancel booking) upplýsingar verða áfram í kerfinu en staða breytist.

Þegar búið er að skrá komu er hægt að skrá brottför fyrir sama ökutækið.

Mikilvægt er að staðfesta ökutæki um borð bæði við inn- og útflutning um leið og fyrir liggur að ökutækið verði flutt um borð.

Bókun (SFOL0010)

 Tollstjóri

 Breyta komu

 Skrá brottför

 Staðfesta faratæki um borð til landsins

Bókun var vistuð

Koma

S -ARN-20.06.2025 Trip is open

Staða bókunar

Booking created

Netfang staðfest

No

Staðfest íslensk ökutæki

No

Brottför

Á eftir að skrá

Dagsetning skráð

27.05.2025 10:56

Staða yfirlýsingar

Ekki búið að stofna yfirlýsingu

Fjöldi ítrekana

0

Importer

First name

Johannes

Last name

Brown

Email

bjorn.gudmundsson@skatturinn.is

Phone number

+354 6977660

Address

Unit 99/Golding Barn Ind Est/Henfield Rd, BN44 3XN Henfield - W

Address 2

Postal code

BN44 3XN

City

West Sussex

Vehicles

Registration number

TEST0010

VIN number

1c3ccbab5dn557239

Energy source

Staðfest um borð

No

 Home

Hætta við bókun